

Brautskráning 2023

Við viljum byrja á að minna ykkur á **æfinguna þann 16. júní í Kvosinni kl. 12.00**. Mætið tímanlega, þá náum við að ljúka æfingunni á innan við klukkutíma.

Skólafélagið gefur nýstúdentum nellið að gjöf til að bera á útskriftinni. Þær verða afhentar að morgni 17. júní og nældar í ykkur.

Á 17. júní mætið þið í Kvosina **stundvíslega** klukkan **08:50**. Þar verður ykkur raðað í stafrófsröð fyrir gönguna út í Höll, þangað sem þið gangið fylktu liði með stúdentshúfuna í hendi (það er val að vera með stúdentshúfu) í fylgd skólameistara. Þið gangið inn í Höllina að sunnan og þegar inn í salinn er komið gangið þið eftir miðveginum upp að sviði og þaðan í sætin sem ykkar bíða.

Í anddyri Hóla verður teikning af sætaskipan í Höllinni og nafnalisti með númerum. Þar sjáið þið hvar þið eigið að sitja. Festið númerið ykkar í minni. Þið getið þá sagt fólkinu ykkar hvar heppilegast er að það sitji í Höllinni svo það geti fylgst sem best með ykkur. Biðjið gesti að koma ekki seinna en klukkan 9:45, athöfnin byrjar á slaginu 10:00.

Til þess að brautskráningin gangi vel fyrir sig er nauðsynlegt að hafa nokkur atriði í huga. Að loknum ræðum og ávörpum afmælisstúdenta hefst brautskráningin ykkar. Þið verðið kölluð upp á svið, þar sem skólameistari afhendir ykkur skírteinin ykkar. Það gerist svona:

1. Þið sitjið öll í ykkar númeruðu sætum í Höllinni. Þaðan þurfið þið að ganga, fyrst að tröppunum, síðan upp á svið og doka þar við á hliðarlínunni og síðast (en ekki síst) að taka á móti skírteininu.
2. Þið skiljið húfuna og annað lauslegt eftir í sætinu og gangið upp að hliðartröppunum.
3. Þegar nafn þess sem næstur ykkur er í númeraröð (stafrófsröð) er lesið upp gangið þið upp tröppurnar og staldið við á efstu tröppunni.
4. Þegar nafn ykkar er lesið upp gangið þið að púltinu. Gangið ákveðið og með reisu, þetta er hátíðleg athöfn.
5. Skólameistari afhendir ykkur skírteinið og innsiglar stúdentsprófið með handabandi.
6. Þið snúið frá og gangið niður tröppurnar sem liggja **beint fram í salinn**. Þaðan gangið þið til sætis.
7. Þegar skólameistari er búinn að brautskrá stúdent og taka í hönd hans **eiga næstu þrjú í röðinni að vera í viðbragðsstöðu**, tveir við tröppurnar og hinn til hliðar við sviðið, á efstu tröppunni. Sá sem er þar, fer af stað um leið og nafn hans er nefnt. Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að andartakstöf hér getur lengt athöfnina í heild um margar mínútur.

Þegar síðasti nýstúdent er kominn í sæti sitt er komið að því að setja upp hvíta kollinn. Þið skuluð fylgjast með mér þar sem ég stend fyrir framan sviðið og gef einfaldar bendingar:

1. Þið standið upp öll sem eitt.
2. Þegar allir eru tilbúnir bíðum við í 2-3 sekúndur

3. Þið setjið húfuna á kollinn - öll í einu
4. Standið svo í dálitla stund (meðan fólk klappar)
5. Setjist - öll í einu (við gefum bendingu) – **nema Birgir Orri Ásgrímsson**, hann gengur á svið og flytur ávarp nýstúdents.

Þetta er ekki flókið, en þetta þarf að gera þannig að það sé fallett og stílhreint og þess vegna reyna allir að vera samtaka.

Þegar skólameistari er búinn að flytja ykkur lokaávarpið og við erum búin að syngja skólasönginn standandi, gangið þið út með skólameistara og aðstoðarskólameistara. Það gerum við eftir númeraröðinni. Skólameistari gengur niður af sviðinu og Sigurlaug Anna slæst í för með honum. Þið gangið fylktu liði heim að skóla og farið beint á pallana við Möðruvelli þar sem ljósmyndari/ljósmyndarar bíða ykkar. Endilega hvetjið vini og vandamenn til að koma á eftir ykkur, taka myndir og líta við í húsum skólans meðan þið eruð í myndatökunni, en hressing verður á borðum í Kvosinni frá kl:12:00-15:00. Látið myndatökuna ganga smurt, því fyrr sem ljósmyndarar er búnir því fyrr eruð þið laus allra mála. Byrjað verður á að mynda árgangamynd og síðan verða bekkjarmyndatökur. Röðin á bekkjarmyndatökum er þessi: **X - V - U - T - L - G - F - A mjög mikilvægt að allir verði tilbúnir í myndatöku í þessari röð.**

Ef eitthvert ykkar þarf að fara á snyrtingu eða eitthvað slíkt meðan á þessari löngu athöfn stendur er það að sjálfsgöðu ekkert mál. Gerum það bara svo lítið beri á og auðvitað má þetta ekki verða neitt ráp.

Bestu kveðjur
Rannveig Ármannsdóttir, siðameistari